

Sjóvá – Ársuppgjör Hagnaður 652 m.kr. á árinu 2018

Árið 2018 og horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.631 m.kr. (12M 2017: 1.158 m.kr.)
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 679 m.kr. (12M 2017: 927 m.kr. hagnaður)
- Heildarhagnaður tímabilsins 652 m.kr. (12M 2017: 1.746 m.kr.)
- Ávöxtun eignasafns félagsins 0,9% (12M 2017: 5,9%)
- Samsett hlutfall 97,4% (12M 2017: 99,4%)
- Horfur fyrir árið 2019 eru að samsett hlutfall verði um 95% og að afkoma fyrir skatta verði um 3.300 m.kr.

Fjórði ársfjórðungur 2018

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 480 m.kr. (4F 2017: 274 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 6 m.kr. (4F 2017: 310 m.kr.)
- Heildarhagnaður tímabilsins 392 m.kr. (4F 2017: 416 m.kr.)
- Ávöxtun eignasafns félagsins 1,0% (4F 2017: 1,7%)
- Samsett hlutfall 96,5% (4F 2017: 99,6%)

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Þrátt fyrir að liðið ár hafi verið tjónaþungt hefur heilbrigður iðgjaldavöxtur gert það að verkum að afkoma af váttryggingarekstri var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samsett hlutfall fyrir 4F 2018 nam 96,5% sem er rúmum 3 prósentustigum lægra en á 4F 2017. Samsett hlutfall ársins 2018 nam 97,4% og lækkar um 2 prósentustig á milli ára. Afkoma af váttryggingastarfsemi eykst þannig um 40% á milli ára við krefjandi aðstæður.

Afkoma af fjárfestingarstarfsemi dregur niður heildarafkomu ársins 2018 og var töluvert undir væntingum á árinu. Það skýrist fyrst og fremst af tapi á skráðum og óskráðum hlutabréfum en skuldabréf skiluðu einnig lægri ávöxtun en vænst var. Fjárfestingatekjur ársins voru 299 m.kr. sem samsvarar 0,9% ávöxtun.

Árið 2018 var viðburðaríkt ár í 100 ára sögu félagsins en Sjóvátryggingarfélag Íslands, forveri Sjóvár, var stofnað 20. október 1918. Sjóvá mældist efst tryggingafélaga í íslensku ánægjuvuginni annað árið í röð og rammar inn þá góðu vegferð sem við höfum verið á. Stigin voru mikilvæg skref í stafrænni þróun félagsins og undir lok árs buðum við, fyrst íslenskra tryggingafélaga, sölu og ráðgjöf á líf- og sjúkdómategyggingum á netinu. Opnast þannig nýjar leiðir í sölu, markaðssetningu og samtali við viðskiptavinum sem þróaðar verða áfram á næstunni.

Með áframhaldandi kröftugum iðgjaldavexti stefnum við á að ná langtímamarkmiði í samsettu hlutfalli á árinu 2019 eða um 95% og að afkoma fyrir skatta verði um 3.300 m.kr.“

Stjórn leggur til að hluthafar fái greiddan arð fyrir rekstrarárið 2018 sem nemur 0,47 kr. á hlut eða um 650 m.kr. Stjórn leggur til við aðalfund að viðhalda heimild til endurkaupa eigin hluta.

Kynningarfundur 15. febrúar kl. 16:15

Boðið er til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi 2018, föstudaginn 15. febrúar kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar. The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur



	4F 2018	4F 2017	%	12M 2018	12M 2017	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	4.684	4.211	11,2%	18.165	16.383	10,9%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-253	-214	18,2%	-947	-845	12,1%
Eigin iðgjöld	4.431	3.997	10,9%	17.218	15.539	10,8%
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	314	259	21,3%	1.165	1.062	9,7%
Aðrar tekjur	85	45	87,7%	105	73	44,6%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	4.830	4.301	12,3%	18.489	16.674	10,9%
Tjón tímabilsins	-3.839	-3.177	20,8%	-14.085	-12.160	15,8%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	481	80	499,9%	998	259	285,5%
Eigin tjón	-3.357	-3.096	8,4%	-13.087	-11.901	10,0%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-993	-931	6,7%	-3.770	-3.614	4,3%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.350	-4.027	8,0%	-16.858	-15.515	8,6%
Hagnaður af vátryggingarekstri	480	274	75,4%	1.631	1.158	40,8%
Fjárfestingarstarfsemi						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	71	390	-81,7%	-346	1.202	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-65	-79	-18,0%	-333	-275	21,2%
Hagnaður/tap af fjárfestingarstarfsemi	6	310	-98,1%	-679	927	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	486	584	-16,7%	952	2.085	-54,3%
Tekjuskattur	-94	-169	-44,3%	-300	-339	-11,5%
Heildarhagnaður tímabilsins	392	416	-5,6%	652	1.746	-62,7%
	4F 2018	4F 2017		12m 2018	12m 2017	
Tjónahlutfall	81,9%	75,4%		77,5%	74,2%	
Endurtryggingahlutfall	-6,7%	2,1%		-0,9%	3,1%	
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	75,3%	77,5%		76,7%	77,4%	
Kostnaðarhlutfall	21,2%	22,1%		20,8%	22,1%	
Samsett hlutfall	96,5%	99,6%		97,4%	99,4%	
Ávöxtun eigin fjár	10,8%	10,2%		4,5%	10,7%	
Hagnaður á hlut	0,27	0,29		0,46	1,19	
Eigið fé	13.827	15.206		13.827	15.206	
Gjaldþolshlutfall fyrir arð	1,56	1,64		1,56	1,64	
Gjaldþolshlutfall eftir arð	1,49	1,48		1,49	1,48	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir árið 2018 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 15. febrúar 2019.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 15. mars 2019

1F 2019 – 16. maí 2019

2F 2019 – 22. ágúst 2019

3F 2019 – 31. október 2019

4F 2019 – 13. febrúar 2020

Aðalfundur 12. mars 2020